

Félag eldri borgara á Eskifirði  
[eldrieski@simnet.is](mailto:eldrieski@simnet.is)

Bæjarráð Fjarðabyggðar  
Hafnargötu 2  
730 Reyðarfirði.

Eskifirði 8. nóvember 2022

*Erindi þetta varðar endurbætur á Melbæ.*

Húsnæðið, Melbær, sem okkur er boðið uppá til félagsstarfs, þarfnaðast orðið mikils viðhalds.

Bæði bæjarstjórin, Jón Björn Hákonarson, og fasteigna- og framkvæmdafulltrúinn, Jón Grétar Margeirsson, hafa komið á staðinn og vita hvað það er sem þarf að lagfæra hið fyrsta.

Við gerum okkur alveg grein fyrir því að það er ekki hægt að gera allt í einu en það hefur lítið sem ekkert verið gert síðan við byrjuðum okkar félagsstarf í húsinu árið 1999

Á næsta ári verður félagið okkar 30 ára og það er ósk okkar og von að við getum haldið uppá afmælið á endurbættum Melbæ.

Hvar er þetta mál statt í dag og hvenær getum við átt von á eitthvað fari að gerast?

**Við biðjum um skriflegt svar sem allra fyrst.**

Með vinsemd,  
f.h. stjórnar Félags eldri borgara á Eskifirði

*Margrét Óskarsdóttir  
Guðrún Guðmundsdóttir  
Þórir Þorláksson*